

Nd.

48. Frumvarp til laga

[45. mál]

um fiskveiðalandhelgi Íslands.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Fiskveiðalandhelgi Íslands tekur til alls landgrunnsins.

Landgrunnið takmarkast af línu, sem dregin er 50 sjómílum utan yztu nesja, eyja og skerja við landið. Þar sem 200 metra dýptarlína landgrunnsins nær út fyrir 50 sjómílna línuna, takmarkast landgrunnið af henni.

2. gr.

Með reglugerð skal kveða á um framkvæmd löggæzlu innan fiskveiðalandhelginnar, svo og um stærð gæzlusvæðisins. Þó skal það í samræmi við tilskipun frá 13. maí 1682 og síðari tilskipanir eigi vera minna en 12 sjómílna belti utan við friðunarlínuna frá 19. marz 1952. Á því svæði sé öllum erlendum fiskiskipum bannað að stunda hvers konar fiskveiðar.

Þar til ákveðið verður, að íslensk lögsaga, að því er varðar fiskveiðar, taki til allrar fiskveiðalandhelginnar, skal ríkisstjórn Íslands tilkynna stjórnnum þeirra ríkja, er fiskveiðar stunda við landið, um viðáttu þess svæðis, sem löggæzlan er látin taka til á hverjum tíma samkvæmt grein þessari.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 17. júní 1955.

Greinargerð.

Ákvæði um viðáttu fiskveiðalandhelginnar við Ísland er aðeins að finna í gömlum tilskipunum þar að lútandi, og má eigi lengur við það una, að ákvæði í lögum kveði ekki skýrt og skorinort á um rétt íslenskku þjóðarinnar til að búa ein að auðlindum þeim, lífrænum sem ólífrænum, sem finnast í hafi umhverfis landið.

Friðunarákvæðin, sem sett voru 19. marz 1952 í samræmi við lög nr. 44 frá 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, eru ekki ákvæði um fiskveiðalandhelgi og því varhugavert, þegar friðunarlínan er kölluð landhelgislína eða fiskveiðitakmörk. Svo sem kunnugt er, táknar landhelgislína endimörk yfirráðaréttar hlutaðeigandi ríkis um tiltekna hagsmuni, og getur sá yfirráðaréttur verið mismunandi mikill eftir því, hvaða hagsmuni er um að ræða, svo sem einkarétt til fiskveiða eða að því er tekur til tollgæzlu o. s. frv. Aftur á móti táknar friðunarlína endimörk þess svæðis, sem friðað er í einhverjum ákveðnum tilgangi, t. d. vegna fiskstofnsins, og getur naumast náð út fyrir landhelgi þess ríkis, nema samþykki annarra ríkja, sem hagsmuna eiga að gæta, komi til. Mismunurinn kemur hvað ljósast fram í því, að samkvæmt eðli málsins getum við leyft fiskiskipum okkar að stunda hvers konar veiðar innan landhelgi, en slíkt kemur hins vegar ekki til greina um friðunarsvæðið.

Þegar reglugerðin frá 19. marz 1952 var birt, var þess sýnilega vandlega gætt, að ekki yrði á neinn hátt annað gefið í skyn en að hér væri einungis um friðunarlínu að ræða. Þessi afstaða var eftir atvikum mjög hyggileg, en nauðsynlegt hefði verið, að skarið hefði verið tekið af um það, að í landhelgismálum ættum við miklu viðtækari rétt en friðunarsvæðið benti til. Þó tókst svo til, að sum blöðin, sem birtu fréttatilkynninguna, kölluðu þær ráðstafanir, sem hún fjallaði um, aðgerðir í landhelgismálum og línuna landhelgislínu. Nauðsynlegt hefði verið, að þessi misskilningur hefði verið leiðréttur, helzt þegar í stað.

Fréttatilkynningar utanríkisráðuneytisins sumar hverjar og yfirlýsingar einstakra starfsmanna þess hafa og verið varhugaverðar að þessu leyti, þar sem t. d. er talað um landhelgismál og landhelgislinu, þegar átt er við friðunarráðstafanir. Þess ber að minnast, að alþjóðadómstóllinn í Haag staðfesti með dómi sínum í deilumáli Norðmanna og Breta, að friðunarsvæðið við Noreg skyldi teljast landhelgi, enda þótt Norðmenn nefndu svæðið aldrei því nafni, heldur einungis fiskveiðitakmörk. Í því sambandi gæti einmitt verið sérstök ástæða til að leggja áherzlu á það, að friðunarlinan sé ekki landhelgislína, ella kynni svo að fara, að alþjóðadómstóllinn kvæði einhvern daginn upp dóm þess efnis, að friðunarsvæðið frá 19. marz 1952 bæri að telja landhelgi Íslands. Og þá kann svo að fara, að vér glötum rétti vorum til frekari aðgerða og að þetta spor, sem að álitu svo margra, þar á meðal málgagns þess flokks, sem nú fer með utanríkismál, verði ekki aðeins spor í rétta átt, heldur lokasporið í þessu mikilvæga máli þjóðarinnar, en tilgangur þessa frumvarps er m. a. að koma í veg fyrir, að svo kunni að fara.

Um afmörkun landhelginnar segir í fyrrgreindum dómi, að hún hafi alltaf alþjóðlegt horf og að hún geti ekki eingöngu oltið á vilja strandríkisins, svo sem hann birtist í innanlandslöggjöf þess. Þótt framkvæmd afmörkunarinnar sé að visu óhjákvæmilega einhliða gerningur, þar sem strandríkið eitt er bært til að framkvæma hana, lýtur gildi afmörkunarinnar gagnvart öðrum ríkjum alþjóðareglum. Þá segir enn fremur, að veita verði ríki því, er hlut eigi að máli, olnbogarúm til að afmarka landhelgina í samræmi við hagsmuni og aðstæður. Ljóst er og, að taka verður tillit til efnahagslegrar sérstöðu, svo og landfræðilegrar, enn fremur, að söguleg atriði varðandi landhelgina skipta verulegu máli.

Í öllum þessum atriðum hefur Ísland algera sérstöðu, og mun vera óþarfi að gera grein fyrir því, svo alkunn er hún.

Öllum má ljós vera nauðsyn þess, að íslenska þjóðin húi ein að auðlindum sínum í hafinu umhverfis landið, en aðrar þjóðir hafa einnig gert sér grein fyrir hagsmunum sínum að þessu leyti, og hafa sumar þeirra helgað sér landgrunn sitt, nú síðast eitt brezku samveldislandanna, Ástralía.

Alþýðuflokkurinn telur, að ekki megi dragast öllu lengur, að íslenska þjóðin geri ráðstafanir til þess að tryggja rétt sinn í þessu mikilvæga máli, og því er frumvarp þetta flutt nú.

Þess skal getið, að lagafrumvarp þetta er samið með hliðsjón af þeim niðurstöðum, sem dr. Gunnlaugur Þórðarson hefur komið að í doktorsritgerð sinni, sem sé, að Íslendingar eigi rétt til landgrunnsins alls, svo sem var á dögum þjóðveldisins, eða a. m. k. til 16 sjómílna landhelgi.


Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Varðandi takmörk landgrunnsins er stuðzt við kenningar dr. Gunnlaugs Þórðarsonar, en í doktorsritgerð sinni segir hann á bls. 119—120:

„Það er rannsóknarefni út af fyrir sig, hvernig ákveða skuli takmörk landgrunnsins. Eðlilegast væri að miða við ákveðið dýpi. Hentugra mun þó að miða við tiltekna fjarlægð undan landi. Þó virðist heppilegasta lausnin geta orðið sú, að taka tillit til dýptar og fjarlægðar í senn.

Um landgrunnið við Ísland hefur aðallega komið til tals að miða við ákveðið dýpi, 200 eða 400 metra. Telja verður eðlilegast, að miðað verði við hvort tveggja í senn, fjarlægð undan landi og jafnframt tekið tillit til sjávardýpis. Kæmi þá helst til greina 50 sjómílna víðátta. Sú landgrunnslína mundi að mestu leyti falla á milli 200 og 400 metra dýptarlínanna. Hins vegar verði 200 metra dýptarlínan látin skera úr um víðáttu landhelginnar, þar sem hún nær út fyrir 50 sjómílna takmörkin. Á þeim slóðum, þar sem þessi landgrunnslína mundi liggja, eru dýptarlínurnar víða mjög þéttar og halli sjávarbotnsins því mikill, en það er einn helzti mælikvarðinn til að miða takmörk landgrunnsins við.



Á hinum lauslega uppdrætti, er sést hér að ofan, sjást fjórar línur. Innsta línan er landhelgislína samkv. samningnum frá 1901. Önnur er núverandi friðunarlína. Þriðja línan er dregin 16 sjómílur utan við yztu annes, eyjar og sker. Yzt er lína 50 sjómílur utan sömu marka, en slitrótt, þar sem 200 m dýptarlínan fer utar.

Önnur ástæða er og til þess, að 50 sjómílna línan er sett fram, nefnilega sú, að sögulegar líkur eru fyrir því, að um það bil, er fiskveiðar erlendra manna hófust við Ísland, hafi fyrsta „landhelgin“, þ. e. svæðið, þar sem erlendum skipum var með tilskipunum bannað að fiska, náð allt að 50 sjómílum undan landi.

Þá er þess og að geta, að öll helztu fiskimið við landið mundu lenda innan 50 sjómílna takmarksins, svo sem hin alkunnu Halamið að mestu.

Loks er þess getið í sambandi við landgrunnskeninguna, að dr. Hermann Einarsson fiskifræðingur telur Íslendinga alveg einfæra um að veiða þann fisk, sem æskilegt er, að verði veiddur á landgrunninu, án þess að fiskistofninum sé ofboðið.

Kenningin um landgrunnshelgi, eða eignarrétt hlutaðeigandi þjóða á landgrunni sínu, er nær alveg ný, eða frá því eftir aldamótin 1900, og var fyrst sett fram, að því er höf. bezt veit, af Spánverjanum Odon de Bureu á fiskveiðaráðstefnu í Madrid 1916. Hefði sú kenning verið komin fram árið 1859 eða 1901, hefði þjóðin án efa haldið þeirri kröfu fram, einkum ef hana hefði órað fyrir þeim framförum, sem síðar urðu í veiðitækni.

Íslenzka þjóðin verður að hugsa fyrir framtíðinni. Ef til vill verður 16 sjómílna landhelgi orðin ónóg eftir 20 ár og 50 sjómílna landhelgi ein talin nægja vegna framfara í veiðitækjagerð. Ef til vill verður botnvarpan orðin úrelt þá, fiskur aðallega veiddur með rafmagnsveiðarfærum. Því er Íslendingum nauðsyn að gera nú þegar hinar ýtrustu kröfur.“

Tilgangur lagagreinar þessarar er að tryggja íslenzku þjóðinni þann rétt, sem hún átti fyrir gildistöku samnings Stóra-Bretlands og Danmerkur frá 24. maí 1901, varðandi landhelgi Íslands, og helga Íslandi landgrunnið allt, enda þótt lögsaga verði ekki látin taka til þess alls þegar í stað, sbr. 2. gr.

Um 2. gr.

Það er Íslandi e. t. v. ofviða að hafa á hendi löggæzlu með allri landgrunnshelginni með þeim varðskipastól, sem við höfum yfir að ráða, enda eru nokkur svæði innan hennar, sem ástæðulaust er að hafa eftirlit með, en önnur svæði eru fiski-auðug, og því er þessi leið valin, að leggja það í vald ríkisstjórnarinnar, hvernig löggæzlunni skuli hagað í því efni. Hins vegar þykir ekki rétt, að ríkisstjórnin hafi algerlega óbundnar hendur í þessu efni, og því er sett ákveðið lágmark og miðað við þá landhelgi, sem þjóðin bjó við áður fyrr, 16 sjómílnur, og um leið er gömlum tilskipunum gefið nýtt og aukið gildi í samræmi við álit Alþingis um rétt Íslands í landhelgismálum, er fram kom í bænarskrá Alþingis 9. sept. 1869. Gert er ráð fyrir, að friðunarákvæðin haldist óbreytt þannig, að á þessu svæði, sem er a. m. k. 12 sjómílnur, geti aðeins íslensk fiskiskip stundað hvers konar veiðar.

Um 3. gr.

Það þykir vel við eiga, að afmælis lýðveldisins sé minnzt með því að helga Íslandi allt landgrunnið um ókominn tíma.